

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 30. júní 2023

Mál nr. E-2448/2022:

A

(Eva Hauksdóttir lögmaður)

gegn

B

(Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 5. júní 2023, er höfðað 27. maí 2022 af A, [...] gegn B, [...].
- Endanlegar dómkröfur stefnanda eru í tölulíðum 1–3 þar sem stefnandi krefst þess:

1. að eftirfarandi ummæli sem stefnda birti [...] 2022 á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram verði dæmd dauð og ómerk:

Mér var grátandi nauðgað af manni sem lauk sér af og réttlætti í sömu andrá gjörðir sínar með því að drátturinn greiddi fyrir kostnað upp á 5000 krónur fyrir einhverju sem mér hafði fyrr um daginn verið boðið upp á.

Þessi einstaklingur leit svo á að ég væri að ljúga upp á sig nauðgun eftir á, að verknaðurinn hefði verið níðingslegur, en ekki nauðgun. Hann sneri síðan upp á hendurnar á mér, til að þagga niður í vælinu í mér, svo illa að ég gat ekki notað þær í nokkra daga

2. að stefnda verði dæmd til 12 mánaða fangelsisrefsingar.

3. að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 2.000.000 króna í miskabætur og beri sú fjárhæð vexti skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. febrúar 2022, auk dráttarvaxta skv. 9. gr., sbr. og 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá því að mánuður er liðinn frá stefnubirtingu.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

- Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda á hendur henni verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar, auk virðisaukaskatts.

Helstu málsatvik

4. Aðilar málsins áttu í stormasömu sambandi sem stóð yfir með hléum frá [...] til [...]. Ekki er ágreiningur milli aðila um að þau ummæli sem krafist er ómerkingar á vísu til atviks sem átti sér stað í sambandi þeirra [...] sem þau túlki með ólíkum hætti.
5. Óumdeilt er að stefnda birti [...] 2022 samhljóða færslu á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram sem innihéldu þau ummæli sem tilgreind eru að framan og stefnandi krefst ógildingar á. Í færslunni er aðdragandi að ummælunum þar sem bent er á þá áfallastreitu sem þolendur ofbeldis megi búa við, auk þess sem þeir hafi mátt þola slaufunarmenningu í mörg hundruð ár með því að vera málaðir út í horn vegna þeirra sem beitt hafi þá ofbeldi. Þá segir í sömu færslu í framhaldi greindra ummæla að atburðurinn hafi átt sér stað fyrir nokkrum árum en haft slæm áhrif á líf stefndu og starf þar sem gerandinn starfi á stað nátengdum því sem hún fáist við. Henni hefði verið ráðlagt að nálgast vinnustaðinn ekki með þetta mál og hefði það komið í veg fyrir störf og framhaldsnám sem stefnda hefði annars haft áhuga á að sækja um.
6. Birti stefnda skömmu síðar athugasemd við færslu sína þar sem hún kvað viðkomandi einstakling hafa misnotað „sjálfshjálpar hringastarf“ með þeim hætti „að hann nafngreindi þá sem með honum sátu við mig [...] og væru þeir sammála um að hún væri haldin geðsjúkdómi. Ritaði einn lesenda athugasemd við þetta með áskorun um nafngreiningu sem stefnda svaraði með því að það eina sem væri gefið í þessari frásögn væri að einstaklingur hefði brotið trúnað í hópastarfi og notað þessa sögu til að gaslýsa aðra manneskju sem hann hefði nauðgað og í kjölfarið beitt andlegu og líkamlegu ofbeldi til þess að þagga niður í henni.
7. Lesendur upphaflegu færslunnar brugðust við með athugasemdum um stuðning við stefndu sem svaraði með athugasemd á þá leið að hún hefði pantað tíma hjá viðbragðsteymi C þar sem henni hefði boðist [starf].
8. Stefnandi sendi stefndu [...] 2022 svohljóðandi skilaboð sem hún birti sem athugasemd við færslu sína: „Sæl, mér var bent á Facebook færslu hjá þér sem virðist vísa á mig. Ef þú ert að skrifa um mig bið ég þig að hætta þessum dylgjum. Samkvæmt pósti þínum ert þú að fara með þetta mál til C. Ef þetta varðar mig þarf ég að verja mig og sanna að frásögn þín er röng. Ég hef engan áhuga á að hafa áhrif á þitt framtíðarstarf en ef ég fæ ekki svar við hvort ég sé umræddur maður eða ekki fyrir kl. 16:00 í dag, mun ég hafa samband við C og þá sem þarf með þeim afleiðingum sem því fylgir.“
9. Í kjölfarið sendi lögmaður stefnanda C bréf, dags. [...] 2022, með ábendingum um brot stefndu sem tilvonandi starfsmanns á siðareglum C, en brotin fælust í ærumeiðandi aðdróttunum og hótunum. Var tekið fram í bréfinu að stefnandi væri fyrrum starfsmaður C. Þá var af hálfu stefnanda lögð fram kæra til lögreglu [...] 2022 vegna brota gegn æruverndarákvæðum hegningarlaga, en henni var vísað frá 21. s.m. þar sem ekki þóttu efni til að hefja rannsókn á grundvelli hennar.

10. Af hálfu stefnanda var stefndu sent bréf, dags. 21. mars 2022, þar sem henni var greint frá framangreindum aðgerðum stefnanda og því að hann íhugaði að höfða einkarefsimál gegn henni og krefjast miskabóta. Hann væri þó reiðubúinn að falla frá þeim áformum gegn því að stefnda leiðrétti ummæli sín á sama vettvangi og þau voru birt, auk þess að skrifa undir yfirlýsingar um leiðréttingu ummælanna. Þá var krafist lögfræðikostnaðar. Stefnda birti bréfið á samfélagsmiðlum með svohljóðandi færslu: „Hvað er eiginlega í gangi með að þekkja sjálfan sig sem geranda í ónafngreindri frásögn af ofbeldi, kæra hana sem ærumeiðandi til lögreglu og ætla að stefna meintum þolanda?“ Í kjölfarið var mál þetta höfðað. Mun stefnda hafa fjarlægð færslu sína með umstefndum ummælum af samfélagsmiðlum.
11. Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnandi og stefnda aðilaskýrslur og verður vísað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

12. Stefnandi kveður opinberar ærumeiðingar stefndu byggja á fölskum ásökunum um að stefnandi hafi beitt hana andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Byggi stefnandi á því að með því hafi stefnda sýnt í verki ásetning um að skaða mannorð stefnanda, afkomumöguleika hans og orðspor, félagstengsl, kærleikssambönd, sjálfsmynd og andlega heilsu. Tjáningarfrelsi heimili stefndu ekki að bera út mannorðsmeiðandi ósannindi heldur feli slík háttsemi í sér brot gegn friðhelgi einkalífs stefnanda sem njóti verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, auk þess að vera refsiverð samkvæmt hegningarlögum. Stefnda hafi ekki verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna heldur hafi hún haft ásetning til þess að eyðileggja mannorð stefnanda.
13. Þau ummæli sem krafist sé ómerkingar á vísi augljóslega til stefnanda, eins og augljóst sé af samskiptum aðila. Þeir sem viti af sambandi þeirra muni óhjákvæmilega skilja það svo. Ýti stefnda undir þá túlkun með tilvísun til þess að hún hafi pantað tíma hjá viðbragðsteymi C sem hafi engar forsendur til að taka á málum óviðkomandi. Lesendur hljóti að skilja þetta sem svo að meintur nauðgari sé tengdur C. Birting stefndu á tilmælum stefnanda um að taka vafa af um það hvort lýsingar hennar beindust að honum renni frekari stoðum undir þann grun sem hún hafði þegar vakið fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum. Ummælin eigi sér ekki stoð í raunveruleikanum og vegi með ólögætum hætti að mannorði stefnanda. Sé því krafist ómerkingar þeirra á grundvelli 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
14. Stefnda hafi opinberlega lýst stefnanda sem óheiðarlegum hrotta og ofbeldismanni, haldið því fram að nálægð hans við starf hennar hafi komið í veg fyrir nám og störf sem hún hafi haft áhuga á, sagt hann hafa misnotað sjálfshjálparhóp og brugðist trúnaði og vega að mannorði stefndu. Falli þetta undir verknaðarlýsingu 235. og 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Undir síðargreinda lagagrein falli einnig þær röngu sakir og opinberun stefndu að stefnandi

hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi sem heimfæra megi undir 217. og 194. gr. laganna, enda sé stefnandi sakaður um nauðgun, alvarlegan glæp sem varði allt að 16 ára fangelsi. Þetta séu ærumeiðandi aðdróttanir gegn betri vitund stefndu.

15. Stefnda hafi ýjað að því að hún muni sverta mannorð stefnanda með því að fara með aðdróttanir sínar til C. Megi af þessum ummælum stefndu ráða að hún telji C vinnuveitanda stefnanda enda skipti viðbragðsteymi C sér ekki af brotum sem hvorki tengist starfi og vettvangi C né starfsmönnum [...]. Áform stefndu um slíkar aðdróttanir myndu ekki stuðla að atvinnumissi stefnanda sem ekki starfi lengur hjá C en ummæli stefndu feli í sér tilraun til að ógna velferð hans og varði við 233. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. þeirra. Einnig varði hótun um tilkynningu til C við nefnda 233. gr. þar sem stefnandi sé tengdur [starfsvettvangi stefndu] og eigi lifibrauð sitt undir orðspori sínu. Ávirðingar um ofbeldishegðun kvisist fljótt út meðal [fólks á þeim starfsvettvangi]. Ummælin hafi þannig falið í sér hótun til þess fallna að vekja stefnanda ótta um velferðarmissi.
16. Loks varði við 228. gr. almennra hegningarlaga birting stefndu á tilmælum stefnanda til hennar um að láta af háttsemi sinni, en birtingin varði viðkvæm einkamálefni og hafi farið fram án samþykkis stefnanda.
17. Með háttsemi sinni hafi stefnda, auk þess að baka sér refsíabýrgð, valdið stefnanda miska sem beri að bæta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.
18. Stefnandi hafi þurft að glíma við afleiðingar stöðugrar áreitni stefndu í kjölfar sambúðar sem einkennst hafi af ítrekuðu andlegu ofbeldi af hennar hálfu. Birting hinna ærumeiðandi ummæla hafi verið stefnanda þungt áfall og hann verið nánast óvinnufær í tvo mánuði. Þá hafi meiðyrðin tekið á einkalíf hans og samskipti við hans nánustu. Hafi hann séð fram á að tenging hans við [starfsvettvanginn] væri á enda og af þeim sökum hafi hann haft áhyggjur af atvinnuleysi og útskúfun. Hafi hann misst af stóru verkefni vegna þessa máls og óttist að fá ekki framar verkefni tengd [starfsvettvangnum]. Hafi hann vart treyst sér út meðal fólks enda eigi hann allt eins von á að vera úthrópaður ofbeldismaður og nauðgari. Hafi hann glímt við kvíða og sjálfsvígshugsanir, auk líkamlegra veikinda.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

19. Stefnda mótmælir því að hafa tjáð sig um ofbeldi í „nánu sambandi“ enda hafi ekkert í færslunni gefið það til kynna. Stefnda hafi gætt sín á að nefna ekki vettvang atburðarins og gefi ekkert í færslu stefndu eða athugasemdum hennar við hana nokkuð til kynna sem rekja megi til stefnanda. Tilvísun hennar til viðbragðsteymis C, sem fjalli um möguleg brot [...] starfsfólks [og annarra tengdum] C, hafi í mesta lagi þrengt leitina að mögulegum geranda niður í stóran hóp karlkyns [...] starfsmanna [...] C [eða manna sem tengist C með öðrum hætti]. Stefnandi

hafi í hvorugan hópinn fallið enda hafi hann ekki starfað lengur [hjá C] og ekki verið [tengdur C með öðrum hætti].

20. Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, enda hafi hún í skjóli tjáningarfrelsis mátt tjá sig á þann máta sem hún hafi gert, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 19. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi. Tjáningarfrelsi megi einungis skerða sé það nauðsynlegt og samrýmist lýðræðishefðum. Við mat á því hvort takmörkun sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi hafi í dómaframkvæmd verið litið til sex viðmiða. Í fyrsta lagi verði ekki refsað fyrir sönn ummæli. Í öðru lagi hafi verið greint á milli staðhæfinga um staðreyndir og gildisdóma. Í þriðja lagi geti ósönnuð staðhæfing um staðreyndir verið réttlætunleg ef hún hefur verið sett fram í góðri trú. Í fjórða lagi geti verið réttlætunlegt að beita rýmkuðu tjáningarfrelsi, s.s. þegar tjáningin sé talin vera framlag til umræðu sem varði almenning eða þegar um opinbera persónu er að ræða. Í fimmta lagi kunni útbreiðsla ummæla að hafa þýðingu. Og í sjötta lagi kunni að leiða til niðurfellingar refsinga vegna ærumeiðingar ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt hátterni þess manns sem telur sér misboðið eða hann hafi goldið líkt líku, sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga.
21. Ærumeiðandi ummæli varði hvorki refsí- né bótaábyrgð séu þau sönn. Stefnda hafi upplifað atvik það sem lýst sé í færslu hennar sem nauðgun. Hún hafi rætt um þá upplifun sína við vitni síðan atvikið átti sér stað og m.a. sótt áfallameðferð hjá sálfræðingi, auk viðtala hjá Stígamótum. Þar sem um einkamál sé að ræða sé ekki gerð krafa um að sönnun sé hafin yfir skynsamlegan vafa heldur nægi að færa fram sterkar vísbendingar um að eitthvað sé líklegra en ekki. Vísist um þetta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 272/2000 og dóma Landsréttar í málum nr. 678/2019 og nr. 34/2020. Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hafi í síðari tíð þróast með þeim hætti að fortakslaus krafa um sönnun standist ekki ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmálans heldur brjóti gegn tjáningarfrelsi. Einstaklingum hafi þannig verið heimilt að setja fram ósannaðar staðreyndir ef svo er gert í góðri trú og viðkomandi hafi reynt að staðreyna sannleiksgildi ummælanna. Dómstóllinn hafi einnig talið einstaklingum heimilt að breiða út ummæli sem höfð eru beint eftir þriðja aðila og þurfi ríkar ástæður til að refsa fyrir slíka útbreiðslu. Loks hafi dómstóllinn talið hafa áhrif á sönnunarmat ef staðhæfing er framlag til þjóðfélagslegrar umræðu.
22. Stefnda byggji sýknukröfu sína á því að ummæli hennar hafi verið gildisdómur, enda upplifun hennar af atviki sem hafi átt sér stað. Í gildisdómi felist huglægt mat á staðreyndum og feli umstefnd ummæli slíkt mat í sér. Hafi dómstólar tilhneigingu til að skilgreina gildisdóma frekar rúmt séu ummælin framlag til þjóðfélagsumræðu, sbr. áðurgreindan dóm Landsréttar í máli nr. 34/2020.
23. Undir ákveðnum kringumstæðum sé tjáningarfrelsi rýmkað og hafi Mannréttindadómstóllinn staðfest í framkvæmd að þjóðfélagsumræða njóti þar mestrar verndar. Ummæli sem séu látin falla sem hluti slíkrar umræðu séu vernduð til hins ýtrasta og umræðan ekki takmörkuð nema

bráðnauðsynlegt sé. Óstaðfestar fullyrðingar um staðreyndir geti þannig verið réttlætanlegar með tilliti til mikilvægis þjóðfélagsumræðu. Byggi stefnda á því að ummæli sín, í því samhengi sem þau hafi verið sett fram, séu hluti umræðu um almannahagsmuni og þjóðfélagsleg málefni og njóti sérstakrar verndar sem slík. Hvatin hafi ekki verið að særa æru stefnanda. Mikil og aukin umræða hafi átt sér stað undanfarin ár um stöðu kynferðisbrotamála hér á landi sem almenningur hafi minnkandi þol fyrir. Á þeim tíma sem stefnda hafi birt ummæli sín hefði mikil og hávær umræða verið í gangi um þjóðþekktu menn sem voru sakaðir um kynferðislegt ofbeldi og þess krafist að þeir tækju ábyrgð. Umræðan hafi þannig ekki einskorðast við stefnanda. Stefndu, sem þolanda, skipti miklu að brotþolar geti rætt lífsreynslu sína og hafi ummæli hennar verið framlag til umræðu sem varði hana og líf hennar miklu, í þeirri von að þau gætu orðið samfélaginu og brotþolum til góðs.

24. Stefnda byggi á því að ummæli hennar hafi verið sett fram í góðri trú, hún hafi upplifað nauðgun af hálfu stefnanda og sýni gögn að það hafi haft mikil og djúpstæð áhrif á hana. Vísist hér enn til greinds dóms Landsréttar í máli nr. 34/2020 og annarra þeirra dóma sem áður hafi verið vísað til.
25. Sýknukrafa stefndu byggi einnig á ákvæði 239. gr. almennra hegningarlaga og ólögfestum reglum skaðabótaréttar um orðhefnd. Sé þá heimilt að láta refsingu fyrir móðgun eða aðdróttun falla niður hafi tilefni ærumeiðingar verið ótilhlýðilegt háttarni þess sem telji að æru sinni vegið eða goldið hafi verið líku líkt. Háttsemin sem slík þurfi ekki að vera ærumeiðing, heldur geti háttsemi m.a. verið fólgin í líkamsmeiðingum o.fl. eins og fram komi í ritum fræðimanna og vísist að auki um það til dóms Hæstaréttar í máli nr. 404/2017, nánar tiltekið til ummæla í héraðsdómi þar. Með því að valda stefndu, sem hafi þurft að sækja meðferð í kjölfarið, skaða hafi stefnandi opnað á rétt til orðhefndar.
26. Engar forsendur séu fyrir miskabótakröfu stefnanda og beri að sýkna stefndu af henni. Skilyrði 26. gr. laga nr. 50/1993 sé ekki uppfyllt og hafi stefnda í engu gerst sek um ólögmetu meingerð gegn æru stefnanda og vísist til fyrri raka hennar. Jafnvel þótt ummælin kynnu að vera skaðandi fyrir stefnanda fylgi þeim ekki bótaábyrgð vegna meginreglunnar um refsileysi og bótaábyrgðarleysi þegar um sönn ummæli sé að ræða. Einnig beri að sýkna af miskabótakröfunni á grundvelli áðurnefndrar 239. gr. almennra hegningarlaga og ólögfesta reglna um orðhefnd. Teljist orðhefnd sjálfstæð ábyrgðarleysisástæða í meiðyrðamálum og geti það gilt jafnvel þótt fallist yrði á ómerkingu ummælanna.

Niðurstaða

27. Í málum sem þessum vegast á þau stjórnarskrárvernduðu réttindi sem felast í friðhelgi einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar annars vegar og í tjáningarfrelsi skv. 73. gr. hennar hins vegar. Þau réttindi eru skýrð með hliðsjón af 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr.

62/1994, auk þess sem litið er til framkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu við úrlausn þess hvort takmörkun á tjáningarfrelsi vegna einkalífs annarra teljist nauðsynleg og samrýmist lýðræðishefðum skv. 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Vísast hér sem dæmi til nýlegra dóma Landsréttar frá 9. desember 2022 í málum nr. 604 og 606/2021 og frá 3. febrúar 2023 í máli nr. 724/2021. Verður og af dómaframkvæmd ráðið að meta þurfi heildstætt þau ummæli sem um ræði hverju sinni. Vísar stefnandi til fyrrgreindra sjónarmiða um friðhelgi einkalífs síns og krefst ómerkingar ummæla stefndu á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram, sem áður hefur verið lýst, miskabóta vegna þeirra og þess að stefnda verði dæmd til refsingar. Stefnda aftur á móti byggir sýknukröfu sína einkum á því að með því yrði tjáningarfrelsi hennar skert um of.

28. Ásökun um nauðgun, sem er alvarlegt brot í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er í eðli sínu ærumeiðandi fyrir þann sem ásakaður er um þá hegðun og felur í sér aðdróttun. Að sama skapi er ljóst að friðhelgi einkalífs ónafngreinds aðila getur ekki takmarkað tjáningarfrelsi, enda er þeirri friðhelgi þá hvorki ógnað né heldur er æru hans hætta búin.
29. Í ummælum stefndu um nauðgun og eftirfarandi atvik er gerandinn ekki tilgreindur eða tengsl hans við hana fyrr eða síðar, þótt þess sé getið að gerandinn starfi á stað nátengdum því sem hún fáist við. Ekki er heldur getið um hvar umræddur atburður hafi átt sér stað og það eitt sagt um tímasetningu hans að nokkur ár séu síðan. Upphafleg færsla stefndu sem felur í sér umstefnd ummæli er þannig ekki tengd við persónu stefnanda og miðað við þau skilaboð sem stefnandi sendi stefndu í kjölfarið og lýst er í efnisgrein 8 var hann raunar sjálfur ekki viss um að færslan ætti við hann. Síðari athugasemdir stefndu við færsluna þrengdu hringinn ekki að marki en í einni þeirra vísar hún til sjálfshjálparstarfs en svarar svo áskorun um nafngreiningu með því að það eina sem væri gefið með þessari athugasemd, umfram það sem þegar kom fram í færslu hennar, væri að einstaklingur hefði brotið trúnað í hópastarfi. Í annarri athugasemd upplýsir stefnda að hún hafi pantað tíma hjá viðbragðsteymi C þar sem henni hefði boðist starf og gefur athugasemdin orðum sínum samkvæmt til kynna að hún muni leita þangað vegna tilvonandi starfs síns fremur en vegna einhverrar tengingar stefnanda við C, en hann var þegar athugasemdin var birt hvorki starfsmaður né [tengur C með öðrum hætti]. Þó er ekki deilt um að við stefnanda var átt í færslu stefndu enda birti hún kröfubréf hans á samfélagsmiðlum og af samhenginu má ráða að færsla hennar um þá birtingu vísaði til upphaflegrar færslu hennar. Birting bréfsins var þó með þeim hætti að ekki er greinanlegt frá hverjum það stafar. Að mati dómsins verður ekki ráðið af umstefndum ummælum eða samhengi þeirra að um stefnanda sé að ræða og ekki hægt að átta sig á að svo sé nema að þekkja sérstaklega til aðstæðna, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 22. október 2015 í máli nr. 101/2015. Er þannig ljóst að ummælin höfðu ekki ærumeiðandi áhrif nema þá gagnvart þröngum hópi fólks þeirra sem til þekktu, en ætla má að þeir hafi getað tengt ummælin við stefnanda sem átt hafði í stormasömu sambandi við stefndu nokkrum árum áður um nokkurra ára skeið, sbr. hér til hliðsjónar dóm

Landsréttar frá 5. mars í máli nr. 34/2020. Fær þetta nokkurn stuðning í því sem fram kom hjá stefnanda fyrir dóminum um að félagi hans hefði áttað sig á að færslan ætti við um stefnanda, en sá hefði vitað af ásökunum stefndu í stefnanda garð, kannast við málavexti og dregið þá ályktun að um hann væri að ræða. Spurður taldi stefnandi fólk [innan starfsvettvangsins] einnig hafa getað áttað sig á því að færsla stefndu ætti við sig, enda hefðu þau verið saman lengi. Í dómaframkvæmd hefur m.a. verið litið til útbreiðslu og dreifingar ummæla, sem í þessu tilfelli verður að telja takmarkaða, en þótt eingöngu megi búast við því að afmarkaður hópur fólks hafi getað dregið þá ályktun af ummælum stefndu að þau ættu við um stefnanda kemur það ekki í veg fyrir að ómerkingar ummælanna sé krafist, auk refsingar og miskabóta. Má hér vísa til áðurgreindra dóma Landsréttar í máli nr. 34/2020 og í máli nr. 724/2021 þar sem ummæli voru viðhöfð í tölvupósti beint til fárra aðila.

30. Eins og rakið er í dómum Landsréttar í málum nr. 604 og 606/2021 er í dómaframkvæmd gerður greinarmunur á því hvort ummæli feli í sér gildisdóm eða staðhæfingu um staðreynd en greint verði á milli með því að skoða heildarsamhengi og framsetningu ummæla. Geti haft þýðingu hvort ummæli feli í sér aðdróttun um refsiverða háttsemi og hvort þau séu liður í mikilvægri þjóðfélagssumræðu. Enn fremur er í dómunum fjallað um dóm Mannréttinda-dómstóls Evrópu frá 7. nóvember 2017 í máli nr. 24703/15, Egill Einarsson gegn Íslandi, þar sem á því var byggt að yfirlýsing um að einhver hefði nauðgað annarri manneskju væri í eðli sínu staðhæfing um staðreynd sem hægt væri að sanna, en þó útilokaði dómurinn ekki að slík staðhæfing gæti verið álitin gildisdómur lægju til þess sannfærandi rök í ljósi samhengis ummælanna. Jafnvel þótt staðhæfing um nauðgun væri álitin gildisdómur teldist hún úr hófi ef hún byggði ekki á nægilega traustum staðreyndagrundi, enda feli 8. gr. mannréttinasáttmálans í sér að enginn ætti, án nægilegs staðreyndagrundvallar, að þurfa að þola ásökun um að hafa gerst sekur um slíkt brot. Það skal þó tekið fram að greindur dómur Mannréttindadómstólsins fjallaði ekki um ummæli þess sem upplifði sig hafa orðið fyrir nauðgun heldur ummæli annarra þar um.

31. Samhljómur var í stórum dráttum við skýrslutökur aðila um kveikjuna að ummælum stefndu. Báru þau bæði fyrir dóminum að þau hefðu farið saman í ferð árið [...]. Þau hefðu deilt á meðan á ferðinni stóð og andrúmsloftið verið þvingað. Þau hefðu enn verið ósátt er til nætur-gistingar á hóteli kom, en átt þar kynmök í hótélherbergi. Lýsir stefnandi því svo að þau hafi vaknað, kysst og átt samfarir. Mökin hefðu verið með vilja þeirra beggja og stefnda ekki gefið annað til kynna, hvorki með gráti né öðru, ofbeldi hefði ekki verið beitt. Hann hefði talið þau vera að sættast og hálfpartinn búist við afsökunarbeiðni stefndu en þegar það hafi ekki gengið eftir hafi hann orðið pirraður og andrúmsloftið aftur orðið þvingað. Þegar þau hefðu komið út í bíl hefði hann hreytt í hana að hann hefði þó fengið eitthvað fyrir peninginn fyrir hótélherberginu. Þau hefðu hist nokkrum sinnum eftir þetta að frumkvæði stefndu, slitið sambandinu svo en hafið það aftur. Samband þeirra hefði verið stormasamt en hann ekki beitt

stefndu ofbeldi. Þó hefði hann nokkrum sinnum gripið um hendurnar á henni til að fá hana til að hætta að ýta sér o.þ.u.l. en ekki hefði séð á stefndu eftir það. Ásakanir stefndu um kynferðisbrot hefðu komið fram fyrst eftir sambandsslit þeirra [...]. Stefnda lýsir því svo að þegar á hótélherbergi aðila var komið hafi hún lagst til svefns en stefnandi farið að riðlast á henni. Hefði hún frosið og farið að gráta, hann fengið sáðfall yfir hana og sagt svo að þetta borgaði a.m.k. kostnaðinn af hótélherberginu. Stefnda hefði ákveðið að ímynda sér að atvikið hefði ekki verið með þeim hætti sem hún upplifði en sambandsslit aðila hefðu verið stefndu þungbær því hún hefði þá þurft að horfast í augu við að hafa verið í sambandi með ofbeldismanni sem hefði hafist á kynferðislegri niðurlægingu. Hún hefði tekið umstefnd ummæli út eftir að krafa stefnanda barst henni. Fyrirliggjandi samskipti aðila styðja að stefnda hafi í kjölfar sambandsslita þeirra lýst áðurgreindum atburði með álíka hætti við stefnanda og óskað þess að þau myndu vinna saman úr honum. Þá liggja fyrir upplýsingar um að báðir aðilar hafi leitað sér hjálpar í kjölfar sambandsslitanna. Liggja m.a. fyrir upplýsingar um að stefnda hafi leitað til sálfræðings á tímabilinu [...]–2022 með hléi árin 2020 og 2021 til að vinna úr ofbeldi í nánu sambandi og að stefnandi hafi leitað til sálfræðings á árinu 2022 til að vinna úr vanlíðan vegna áfalla úr fyrra sambandi og erfiðra samskipta.

32. Ummæli stefndu voru sett fram um eigin upplifun af kynmökum aðila sem fóru fram þegar þau voru ósátt og hefur stefnandi viðurkennt að hafa hreytt í stefndu niðurlægjandi orðum eftir að þau fóru fram sem hann kveður sig betur ekki hafa gert. Eins bar hann fyrir dóminum að hafa á meðan á sambandi þeirra stóð gripið um hendur hennar í þeim tilgangi að stöðva stefndu, en hafnaði að hafa beitt ofbeldi. Þótt orð standi gegn orði um hvort um nauðgun hafi verið að ræða og hverjir eftirmálar hafi verið, og ekkert verði fullyrt um það hér, verður ekki fram hjá því litið að upplifun stefndu byggir á raunverulegum atburði sem að teknu tilliti til atvika getur verið opinn fyrir túlkun. Er og til þess vísað í færslu stefndu þar sem hún kveður viðkomandi hafa litið svo á að verknaðurinn hefði verið níðingslegur en ekki nauðgun. Túlkun beggja aðila á atburðinum kemur þannig fram í færslunni. Þá verður ekki litið fram hjá því að stefnda setti ummælin fram í færslu þar sem inngangurinn fjallaði um stöðu þolenda ofbeldis, þ. á m. kynferðisofbeldis, en mikil og almenn þjóðfélagsumræða hefur átt sér stað um þau málefni á síðustu árum. Verður að telja stefndu hafa haft rúmt svigrúm til tjáningar sinnar sem hluta af þeirri umræðu, sbr. hér dóm Landsréttar í máli nr. 34/2020, og verða ekki heldur gerðar ríkar kröfur til þess að stefnda sýni fram á réttmæti ummæla sinna, sbr. hér dóm Landsréttar í máli nr. 604/2021. Verður að öllu virtu að líta svo á að ummæli stefndu hafi ekki falið í sér staðhæfingu um staðreynd heldur gildisdóm um hennar upplifun sem ekki var tilefnislaus og settur fram með þeim hætti að sýnt var að sá sem hún taldi hafa brotið af sér hefði ekki upplifað það með sama hætti.
33. Þegar heildstætt er litið til þess sem áður var rakið, einkum þess að stefnandi er ekki nafngreindur og takmarkað hverjir geta ráðið að ummæli stefndu eiga við um hann, framsetningu

ummælanna að öðru leyti í samhengi við þjóðfélagslega mikilvæga umræðu og tilvísun til ólíkrar upplifunar aðila, er það niðurstaða dómsins að með umstefndum ummælum sínum sem fólu í sér gildisdóm hafi stefnda ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns sem varið er af 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og því ekki rofið friðhelgi einkalífs stefnanda sem varið er af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmálans. Verður stefnda því sýknuð af kröfum stefnanda um ómerkingu umstefndra ummæla og refsingu vegna þeirra, enda falla þau þá ekki undir að teljast ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235., 236. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafa engin haldbær rök verið færð fyrir því að hótun hafi átt sér stað af stefndu hálfu í skilningi 233. gr. laganna og verður ekki talið að brotið hafi verið gegn 228. gr. með birtingu kröfubréfs stefnanda, enda var ekki greinanlegt að það stafaði frá honum. Er að framangreindri niðurstöðu fenginni enginn grundvöllur til að dæma stefnda miskabætur vegna ólögmeðrar meingerðar, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður stefnda þannig sýknuð af öllum kröfum stefnanda.

34. Að virtum úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, eins og nánar greinir í dómsorði.
35. Af hálfu stefnanda flutti málið Eva Hauksdóttir lögmaður og af hálfu stefndu flutti málið Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður.
36. Nanna Magnadóttir héraðsdómari, sem tók við rekstri málsins 2. mars 2023 en hafði fram að því engin afskipti af því, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, B, er sýknuð af öllum kröfum stefnanda, A.
Stefnandi greiði stefndu 800.000 krónur í málskostnað.

Nanna Magnadóttir